

BRÁÐABIRGÐALÖG
um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna utan-
ríkisverzlunar landsmanna og vegna atvinnu og framleiðslu innanlands,
sé nauðsynlegt að stjórnin geti með veitingu gjaldeyrisleyfa haft fastari
tök á vöruinnflutningnum en nú er.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna
nauðsyn bera til þess að gefa útbráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt
23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða það að til þess að flytja vissar vörur
eða vörflokka til landsins þurfi leyfi gjaldeyrisnefndar, sbr. 2. gr., með þeim
skilyrðum sem nefndin setur.

2. gr.

Gjaldeyrisnefnd skal skipuð fimm mönnum og skipar fjármálaráðherra
þrjá, stjórn Landsbankans einn og stjórn Útvegsbanka Íslands h/f einn. Fjár-
málaráðherra skipar formann nefndarinnar. Kostnaður við nefndina greiðist
að hálfu úr ríkissjóði og $\frac{1}{4}$ af hvorum bankanna.

3. gr.

Allar beiðnir um kaup á erlendum gjaldeyri skulu sendar nefnd þessari
með hæfilegum fyrirvara, með ítarlegri greinargerð um til hvers gjaldeyrinn
eigi að nota. Tekur nefndin ákvarðanir um hvaða kaupbeiðnum skal sinnt.

4. gr.

Ríkisstjórnin setur gjaldeyrisnefnd reglur um það, á hvern hátt skuli út-
hluta gjaldeyrisleyfum.

5. gr.

Allar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar um úthlutun gjaldeyrisleyfa, skulu
bornar undir nefnd, er sé skipuð þannig: Fjármálaráðherra skipar einn, og er
hann formaður nefndarinnar, og auk þess skipa eftirtaldir aðilar einn mann
hver, ef þeir óska: Stjórn Verzlunarráðsins, stjórn Sambands ísl. samvinnufé-
laga, stjórn Alþýðusambands Íslands, stjórn Sölusambands ísl. fiskframleið-

énda, stjórn Búnaðarfélags Íslands, stjórn Landssambands iðnaðarmanna, **23**
stjórn Iðnrekendafélagsins. Nefndin skal vera ólaunuð.

8. marz

6. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyrisnefndinni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt og skip það, er vöruna flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir, eigi síðar en 5. hvers mánaðar, láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi er hagstofustjóri ákveður í samráði við nefndina.

7. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 50000 kr. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði er nefndin kann að hafa sett sem skilyrði fyrir veitingu gjaldeyrisleyfis. Enn fremur er upptækur sá ágóði er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyrisnefndar fyrir gjaldeyrisleyfi.

8. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kynnu að verða samkvæmt þeim, skal farið með sem almenn lögglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að takmarka og banna innflutning á óþarfa varningi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Þær vörur, sem komnar eru í skip í útlöndum áleiðis hingað, þá er lög þessi öðlast gildi, má flyta inn á sama hátt og verið hefir. Sama er að segja um þær vörur, sem þegar hefir verið veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 8. marz 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik

rikisarfi.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.